

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 30. ágúst 2024
UST202408-121/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting - Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 - Heimahagi

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 15. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir Heimahaga.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina nýtt 25 ha frístundasvæði fyrir allt að 30 lóðir og landbúnaðarsvæði minnkar sem um nemur.

Vatnamál

Í greinargerð er fjallað um umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að það mætti einnig fjalla um ástand þess í greinargerðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Stefna sveitarfélagsins þarf að vera á þá leið að yfirborðsvatnshlot verði í a.m.k. mjög góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi í samræmi við markmið/stefnu vatnaáætlunar Íslands 2022 - 2027¹ og öll grunnvatnshlot í góðu efnafræðilegu ástandi og hafi góða magnstöðu.

Fuglalíf

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem mikilvægt fuglasvæði er á því svæði sem skipulagsbreytingin nær til þarf að fjalla um stefnu sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðisins, grunnástand og áhrif tillögunnar á það. .

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.^{2,3}

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytilega, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsóknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Votlendi

Umhverfisstofnun bendir á að votlendið á svæðinu nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í greinargerð segir að skipulagssvæðið mun ekki vera innan votlendis en betur verður gerð grein fyrir því í deiliskipulagi. Þótt votlendi sé í grennd við skipulagssvæðið skv. vistgerðakortlagningu, skal horfa til nákvæmni kortlagningar. Hins vegar segir síðar varðandi deiliskipulag í kafla 5. að skilmálar verða settir um að mannvirki falli vel að landslagi og viðhaldi dreifbýlisfirbragði svæðisins, en ekkert fjallað um skilmála varðandi vernd votlendis, gróðurs og fuglalífs.

Auk þess segir að stefna sveitarfélagsins miði að því að frístundabyggð sé að jafnaði utan svæða með hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun leggur til að unnin verði gróðurfarsúttekt á svæðinu og fuglalíf rannsakað til að vernda votlendi og fuglalíf og hægt sé að meta áhrif tillögunnar á þessa þætti.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig getur vegagerð valdið fyrirstöðu og þurrkáhrifum.

² <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/lifraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

³ [Mófuglar | moi.hi.is](#)

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vernda votlendi en það gegnir mikilvægu hlutverki til dæmis við kolefnisbindingu og sem búsvæði fugla og plantna. Auk þess vill stofnunin hvetja sveitarfélagið að endurheimta votlendi.⁴

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/ramsarsvaedi/um-votlendi/>